


# Ársskýrsla Kvinnasögunafns Íslands 2018



Bréf Elínar Briem (1856–1937).  
Bréfasafn hennar var afhent af fóstursonardóttur hennar þann 12. september 2018.

Reykjavík, júní 2019

# Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2018

Umsjón:  
Rakel Adolphsdóttir

Yfirlestur:  
Bragi Þorgrímur Ólafsson  
Ragnheiður Kristjánsdóttir  
Vilborg Eiríksdóttir



**Kvinnasögusafn Íslands**  
**Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík**  
**Sími: 525 5779**

**Netfang: [kvinnasogusafn@landsbokasafn.is](mailto:kvinnasogusafn@landsbokasafn.is)**  
**Veffang: <http://www.kvinnasogusafn.is>**

**[www.facebook.com/Kvinnasogusafn](http://www.facebook.com/Kvinnasogusafn)**  
**[www.twitter.com/Kvinnasogusafn](http://www.twitter.com/Kvinnasogusafn)**

## **Kvennasögusafn Íslands**

Kvennasögusafn Íslands var stofnað 1. janúar 1975 á heimili Önnu Sigurðardóttur á Hjarðarhaga í vesturbæ Reykjavíkur. Það varð hluti af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafns (Lbs-Hbs) árið 1996 og flutti þá í Þjóðarbókhöðdu. Kvennasögusafn er staðsett á 1. hæð og gögn þess eru lánuð til afnota á lessal Íslandssafns. Hlutverk Kvennasögusafns er að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Þá miðlar safnið þekkingu um sögu kvenna, aðstoðar við heimildaleit og hvetur til rannsókna á sviði kvennasögu. Safnið hýsir einkaskjalasöfn kvenfélaga sem og einstaklinga ásamt ýmsum skjölum sem tengjast íslenskum konum og sögu þeirra.

### **Stjórnarnefnd**

Til stuðnings og ráðuneytis um málefni Kvennasögusafns Íslands starfar sérstök stjórnarnefnd og hefur gert frá árinu 1996, þegar Kvennasögusafn flutti frá Hjarðarhaga og í Þjóðarbókhöðuna. Í hana skipuðu árið 2018: Ragnheiður Kristjánsdóttir af hálfu RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við HÍ, Ingibjörg H. Hafstað til maí af hálfu Kvenfélagasambands Íslands en eftir það tók Vilborg Eiríksdóttir við af henni, og Bragi Þorgrímur Ólafsson af hálfu Lbs-Hbs.

### **Starfsmenn**

Rakel Adolphsdóttir sagnfræðingur tók við starfi sérfræðings á Kvennasögusafni Íslands í ágúst 2016. Aðrir starfsmenn Lbs-Hbs koma að ýmsum verkefnum eftir atvikum. Eins tekur starfsmaður Kvennasögusafns þátt í öðrum verkefnum Lbs-Hbs eftir atvikum.

### **Starfsemi safnsins**

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og stuðla sjálfst að rannsóknum á safnkostinum.

Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna.

Til safnsins leita einkum namar og fræðimenn í heimildaleit og annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í

gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berast því fyrirspurnir erlendis frá.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grísjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.
- Upplýsingum og ráðgjöf í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.
- Sjálfstæðum rannsóknum sem nýtast Kvennasögusafni.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum sérfræðings safnsins: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif og fyrirlestrar.

Safnið var opið alla virka daga milli kl. 10–15 en sérfræðingur hafði lengri viðveru.

Kvennasögusafn hefur verið staðsett á 4. hæð Þjóðarbókhöðunnar í 20 ár en flutti haustið 2016 á 1. hæð þess. Þaðan eru sótt skjöl fyrir gesti til afnota á [lessal](#) á 1.hæð og þar er lengri opnunartími.

### **Fyrirspurnir og heimsóknir**

Skráðar voru 154 fyrirspurnir sem bárust á árinu eftir ýmsum leiðum; símleiðis, tölvupóstum, gegnum samfélagsmiðla og með heimsóknum. Þar af voru 43 karlar og 178 konur. Fyrirspurnirnar voru jafn fjölbreyttar og þær voru margar og mislangan tíma tók að vinna úr þeim. Flestar fyrirspurnir koma frá Íslendingum en einnig bárust fyrirspurnir frá erlendum aðilum, t.d. frá Ástralíu, Bandaríkjunum, Brasilíu, Bretlandi, Frakklandi, Írlandi, Ísrael, Japan, Kanada, Kína, Króatíu, Póllandi, Spáni og Svíþjóð. Yfirleitt voru það fjölmiðlar í leit að upplýsingum um jafnréttissögu Íslands; var mikið spurt um kosningarétt kvenna, Rauðsokkahreyfinguna og Kvennafrídaginn. Í gestbók rituðu 119 manns nafn sitt.

Þá voru um 47 manns sem fengu gögn í lán á lessal 1. hæðar Þjóðarbókhöðunnar, fimm karlar og 42 konur. Fengu þau mismörg gögn lánuð hverju sinni og voru með þau mislengi til skoðunar.

### **Aðföng**

Tuttugu einkaskjalasöfn voru afhent safninu til framtíðar varðveislu á árinu en auk þess komu inn nokkrar aðrar gjafir á borð við bækur, tímarit, ljósmyndir og einstaka muni. Er þessum gjöfum ráðstafað eftir því sem þykir henta best hverju sinni. Af nýjum einkaskjalasöfnum má

taka sem dæmi skjöl Félags háskólakvenna sem og skjöl Bandalags kvenna í Reykjavíkur, bréfasöfn tveggja þekktara brautryðjenda Íslandssögunnar þeirra Ingibjargar H. Bjarnasonar annars vegar og Elínar Briem hins vegar, auk annarra afhendinga. Ítarlegri lista yfir afhendingar ásamt upplýsingum um flest skjalasöfn sem eru varðveitt á Kvennasögusafni má finna á vefnum [www.kvennasogusafn.is](http://www.kvennasogusafn.is).

## Vefir og samfélagsmiðlar

Kvennasögusafn heldur sérvef. Innlit á vefinn voru alls 15.915 samkvæmt teljara. Þá sér safnið líka um [facebook](#) og [twitter](#) síður. Í upphafi árs voru 1.332 sem líkuðu við facebook síðuna en í lok árs voru 1.696 sem líkuðu við hana. Twitter fylgjendum hafði fjölgað um rúmlega 100 á árinu og voru í lok árs 290 talsins. Vinsælustu færslurnar á samfélagsmiðlum voru tengd kvennafrídeginum 1975 svo og kvennafrídeginum 2018, Halldóru Briem Ek sem var fyrstu kvenarkitekt Íslendinga, Guðrúnu Þorleifsdóttur vinnukonu og um áfengisskömmunarbók kvenna.

## R1918 og Hugvísindaping

Verkefnið [R1918](#) fór af stað á fyrsta degi ársins í samstarfi Lbs-Hbs við Listahátíð Reykjavíkur og RÚV. Flutt voru innslög einu sinni á dag frá 1. janúar til 10. júní á hverjum degi kl. 12:03 á Rás 1 sem unninn voru upp úr frumheimildum á borð við sendibréf og dagbækur sem varðveittar eru á Lbs-Hbs frá Reykvíkingum ársins 1918 sem Reykvíkingar ársins 2018 sáu um að flytja í útvarpi. Síðasti hluti verkefnisins var gjörningur þann 10. júní þar sem tíminn féll saman og Reykvíkingar ársins 1918 birtast ljóslifandi víðsvegar um borgina og horfa beint í augun á okkur, hundrað árum síðar. Verkefnið var hluti af dagskrá aldarafmælis fullveldis Íslands.

Á Hugvísindapingi Háskóla Íslands í mars sögðu starfsfólk Kvennasögusafns og handritasafns sagði frá heimildunum sem nýttar voru í tengslum við verkefnið. Raket Adolphsdóttir flutti erindið „[Dýrleif hafði svo sterka þrá til að sigla að jeg gat ekki talið hana af því.](#)“ [Dýrleif Árnadóttir nýstúdent á tímamótum 1918](#)“. Málstofan fór fram á laugardaginn 10. mars milli kl. 13-16:30 í aðalbyggingu Háskólans, stofu 052 og var vel sótt.

## Hinsegin huldukonur

Verkefnið [Hinsegin huldukonur](#) fékk úthlutun úr nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir tvo nemendur að taka viðtöl fyrir verkefnið. Var styrkumsóknin send í samstarfi við

Kvennasögusafn og fengu nemendurnir aðstöðu á Landsbókasafni. Einnig stendur til að afhenda Kvennasögusafni til varðveislu þau gögn sem myndast við framkvæmd verkefnisins, eftir því sem við á.

### **Tímanna safn – fyrirlestraröð**

Á 200 ára afmæli Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns var efnt til fjölmargra sérstakra verkefna. Sérfræðingur Kvennasögusafns skipulagði fyrirlestraröðina Tímanna safns um sögu og starfsemi Lbs-Hbs ásamt fagstjóra handritasafns. Þá hélt sérfræðingur eitt erindi í fyrirlestraröðinni sem nefndist „[Þjóðararfur hverra? Kvennasögusafn sem hluti af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni](#)“.

### **Kvennafrí 2018**

Sérfræðingur Kvennasögusafns tók þátt í skipulagningu [kvennafrís 2018](#) ásamt breiðum hópi félaga og félagasamtaka. Kvennafrí var framkvæmt með styrk frá forsætisráðuneytinu. Saga kvennafrís og Kvennasögusafns er samofin og tók safnið þátt í fyrsta deginum árið 1975 og varðveitir skjalasafn þess ásamt annarra kvennafrídaga sem haldnir hafa verið. Í ár var áhersla á launamisrétti, konur af erlendum uppruna á vinnumarkaði og #metoo.

### **Ráðstefnur og þing**

[Kynjaþing](#) var haldið í fyrsta sinn af Kvenréttindafélagi Íslands með styrk frá velferðarráðuneytinu, Reykjavíkurborg, VR og Seltjarnarnesbæ og fór fram 3. mars. Dagskrá þingsins er skipulögð af félagasamtökum og grasrótarsamtökum og hugmyndin er sú að auka samræður milli okkar sem er annt um jafnrétti í heiminum og gefa almenningi tækifæri til að kynnast því helsta sem er að gerast í femínískri umræðu. Á málstofa Kvennasögusafns kynnti Rakel Adolphsdóttir starfsemi safnsins, Íris Ellenberger kynnti verkefni sitt „Huldukonur“ og Kristín Jónsdóttir kynnti vef sinn [www.kvennalistinn.is](#). Bæði verkefni styðjast m.a. við gögn sem Kvennasögusafn varðveitir.

[Tólfta Norræna kvenna- og kynjasöguþing](#) haldin í Oulu Finnlandi 7.-9. júní. Kvennasögusafn hefur tekið þátt á fyrri þingum og skipulagði það níunda, ásamt fleirum, sem fór fram í Reykjavík árið 2008. Sérfræðingur Kvennasögusafns flutti erindi um kvenfélag Sósíalista og möguleika kvenna til stjórnmalapátttöku 1938–1968, en skjalasafn kvenfélagsins er varðveitt á Kvennasögusafni.

## Söguskilti

Söguskilti var sett upp fyrir framan Kvennaheimilið Hallveigarstaðir á Túngötu í apríl þar sem segir sögu hússins og frá félagsstarfi kvenna á Íslandi síðustu hundrað árin, þ.á.m. Kvennafrínu. Öll kvennafrín (1975, 1985, 2005, 2010 og 2016) sem voru skipulögð á Hallveigarstöðum. Sérstaklega er heiðrað framlag Laufeyjar Vilhjálmsdóttur sem barðist ötullega fyrir byggingu Hallveigarstaða alla sína ævi. Söguskiltið var sett upp í samvinnu Kvennasögusafns, Hallveigarstaða, Reykjavíkurborgar og Borgarsögusafns Reykjavíkur.

## Sýningar og kjörgripir

Sýning um Guðrúnu Lárusdóttur (1880–1938), alþingiskonu og rithöfund, var opnuð í Þjóðarbókhöðunni þann 9. maí undir heitinu [„En tíminn skundaði burt...“ Guðrún Lárusdóttir – 80 ára ártíð](#). Málfríður Finnbogadóttir var höfundur sýningarinnar og var hún sett upp í samvinnu við m.a. Kvennasögusafn Íslands. Sýningin var sett upp sem hluti af dagskrá aldarafmælis fullveldis Íslands.

Kvennasögusafn sá um kjörgríp mánaðarins á vef Landsbókasafns í desember en fyrir valinu var dreifiritið „Eru þetta okkar jól?“ sem Rauðsokkahreyfingin útbjó og dreifði á Þorláksmessu árið 1974. Dreifiritið hefur verið myndað og er vinsælasta innlegg Kvennasögusafns á samfélagsmiðlum en einkaskjalasafn Rauðsokkahreyfingarinnar, sem safnið varðveitir, er meðal vinsælustu aðföngum þess.

## Rafrænt efni

Bréf skáldkonunnar Huldu (Unnar Benediktsdóttur Bjarklind) voru skráð og [gerð aðgengileg rafrænt](#) snemma árs. Bréfin höfðu verið afhent árið 1993 og var skráning þeirra liður í að gera smærri afhendingar sem afhentur var Kvennasögusafni áður en safnið sameinaðist Lbs-Hbs sýnilegri. Skömmu eftir að bréfin voru skráð rafrænt var haft samband frá Austurlandi og beðið um leyfi til að nota bréfin í dagskránni „HULDA - Hver á sér fegra föðurland“ sem fór þar fram í ágúst og var hluti af dagskrá aldarafmælis fullveldis Íslands.

## Norrænt samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánnum tengslum við NIKK, Nordisk Information för Kunskap om Kön, sem hefur frá 2012 haft aðsetur í Gautaborg í Svíþjóð. NIKK starfar á vegum Norðurlandaráðs og er ein af stofnunum ráðsins. NIKK hefur kallað saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til árlegra funda. Þessi söfn hafa með

sér óformlegan félagsskap sem nefnir sig NING, eða Nordic Information Network Gender.  
Sérfræðingur Kvennasögusafns sótti fund NING í Osló í apríl.



## Aðföng 2018

### Handrit og einkaskjöl

- 3. janúar 2018** Gígja afhenti gögn um fjölskyldu sína. Afhent á upplýsingaborði með því skilyrði að það yrði varðveitt á Kvennasögusafni. [*Tilvísun:* KSS 2018/1]
- 17. janúar 2018** Kristín Jónsdóttir afhenti ljósmyndir frá starfi Kvinnalists og voru í hennar vörslu. [KSS 2018/2]
- 26. janúar 2018** Gögn Guðnýjar Guðmundsdóttur bárust til Kvennasögusafns. [*Tilvísun:* KSS 2018/3]
- 22. febrúar 2018** Finnbogi Guðmundsson afhenti skjöl frá konu sinni Sigríði Matthíasdóttir sem tengjast störfum hennar með Kvinnalistanum. Þetta er viðbót við fyrri afhendingu á gögnum hennar sem eru þegar á númerið KSS 2017/8. [*Tilvísun:* KSS 2018/4]
- 23. febrúar 2018** Anna Jóna Kristjánsdóttir afhenti safninu bók Kvinnalists til varðveislu. Pálína Kristín Hermannsdóttir kom með bókina. [*Tilvísun:* KSS 2018/5]
- 28. febrúar 2018** Þorsteinn G. Veturliðason afhenti tvö bréf sem voru í fórum hans. Annað frá Elínu Briem og hitt frá Halldóru Briem. [*Tilvísun:* KSS 2018/6]
- 14. mars 2018** Anna Elísa Hreiðarsdóttir sendi Kvennasögusafni með pósti ljósmyndir frá námsárum sínum í Fóstruskólanum. [*Tilvísun:* KSS 2018/7]
- 14. mars 2018** Hrafnhildur Schram afhenti skjöl móður sinnar, Unnar Ágústsdóttur (1915–2001). [*Tilvísun:* KSS 2018/8]
- 12. apríl 2018** Kristín Bjarnadóttir afhenti fréttabréf sem hún skrifaði ættingjum sínum þegar hún var við nám í háskóla erlendis. [*Tilvísun:* KSS 2018/9]
- 16. maí 2018** Fulltrúar stjórnar Félags Háskólakvenna afhentu gögn félagsins til Kvennasögusafns í fjölmörgum kössum. Meðal efnis eru bréf, skýrslur og fleira. Félagið var stofnað árið 1928 en fyrstu fundargerðarbækur þess eru týndar. [*Tilvísun:* KSS 2018/10]
- 23. maí 2018** Sigurlaug Einarsdóttir afhenti gögn sín úr fóstrunámi 1974-1975. [*Tilvísun:* KSS 2018/11]
- 30. maí 2018** Margrét Sæmundsdóttir afhenti bréf móður sinnar, Sigurveigar Guðmundsdóttur, ásamt öðrum skjölum og bókum. Áður hafði Margrét afhent skjöl móður sinnar. [*Tilvísun:* KSS 2018/12]

- 2. júlí 2018** Siena Hancock frá Bandaríkjunum afhenti á Kvennasögusafni vinnugögn sín frá listadvöl sinni á Seyðisfirði. Hún hafði unnið verk útfrá baráttu íslenskra kvenna fyrir bættum kjörum á 8. áratugnum. [*Tilvísun:* KSS 2018/13]
- 8. ágúst 2018** Afhenti Marianna Traustadóttir stóran, bleikan fána og lítið fjölrít fyrir hönd skipuleggjanda Kvennafrídagsins 2016. Afhendingin fór fram á skrifstofu hennar á höfuðstöðum ASÍ. [*Tilvísun:* KSS 2018/14]
- 14. ágúst 2018** Skjöl Helgu Sigurjónsdóttur er varða stjórnmalastarf hennar bárust um hendur Gerðar Óskarsdóttur en afkomendur Helgu höfðu afhent Gerði skjölin. [*Tilvísun:* KSS 2018/15]
- 14. ágúst 2018** Gögn MFÍK fundust í kjallaraeymslu á Hjarðhaga 26, þar sem Anna Sigurðardóttir bjó og Kvennasögusafn Íslands var til húsa til ársins 1996. Afkomendur Önnu voru að tæma geymsluna og við það fundust kassar merktir MFÍK. Var margvíslegt efni þar að finna, m.a. myndbönd. [*Tilvísun:* KSS 2018/16]
- 17. ágúst 2018** bárust um hendur Aðalsteins Eiríkssonar, fyrir hönd Kvennaskólans í Reykjavík, bréf og önnur persónuleg skjöl Ingibjargar H. Bjarnasonar en áður, árið 2015, höfðu borist persónuleg gögn hennar til Kvennasögusafns Íslands. Var því ákveðið að þessi gögn fengju líka að fylgja hingað en gögnin fundust þegar verið var að ganga frá skjalasafni Kvennaskólans í Reykjavík en það verður varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Skömmu síðar afhenti Kristín Ástgeirsdóttir nokkur bréf Ingibjargar sem hún hafði í fórum sínum – en hún hafði áður verið að rannsaka bréfasafn Ingibjargar sem var varðveitt í Kvennaskólanum og fékk þá bréfin heim til sín. Þau bréf eru í séröskju, aðskilinn frá hinni afhendingunni en á sama safnmarki. [*Tilvísun:* KSS 2018/17]
- 12. september 2018** Bréfasafn og önnur skjöl Elínar Briem (1856–1937) bárust um hendur Sigurlaugar Sæmundsdóttur (f. 1938). Sigurlaug er fóstursonardóttir Elínar. Skjölin höfðu verið í siphoner (kommóðu) Elínar allan þennan tíma. Fyrst á Bókhöfundustíg 7 en síðar á heimili Sigurlaugar að Ægissíðu 119. Kommóðan ásamt handavinnu Elínar fór til varðveislu Hildar Rosenkjær sem sér um fyrirtækið Annríki. Árið 2017 hafði Sigurlaug afhent Kvennasögusafni skjöld af Elín Briem. [*Tilvísun:* KSS 2018/18]
- 4. október 2018** Sólveig Brynja Grétarsdóttir afhenti eitt skjal sem tengist friðarfundum kvenna 1983. [*Tilvísun:* KSS 2018/19]
- 13. desember 2018** Gögn Bandalags kvenna í Reykjavík frá stofnun þess voru afhent Kvennasögusafni Íslands af Fanneyju Úlfljótsdóttur, formanni Bandalagsins. Skjölin höfðu verið geymd á Hallveigarstöðum og eru flokkuð að hluta. Fundargerðarbækur, bréf, skýrslur og fleira eru meðal skjala. [*Tilvísun:* KSS 2018/20]

## Annað

Mynd í ramma af Vigdísí Finnbogadóttur fannst í Þjóðarbókhöðunni og fær að vera í varðvörslu Kvennasögusafns.

Sólveig Eggerz Pétursdóttir – verk hennar fundust á Þjóðarbókhöðunni og var talið réttast að varðveita það á Kvennasögusafni.

Bókin slitrus eftir Rósu Björk Þorbjarnardóttur var afhent til Kvennasögusafns af henni sjálfri. Íslandssafn fær að varðveita bókina en hún hafði ekki borist þeim með skylduskilum.

Skjalaskrá fyrir skjalasafn Ljósmeðrafélags Íslands, sem er varðveitt í skjalageymslu í Borgartúni 6, var afhent af Erlu Dóris Halldórsdóttir en hún bjó til skrána að beiðni félagsins. Einnig afhenti Erla Dóra myndir af fyrstu fundargerðarbók félagsins, sem er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Fyrir eru til ljósrit af bókinni í safnkosti Kvennasögusafns.

Kristín Jónsdóttir gaf safninu nokkrar myndir af fólki sem systir hennar, sem er lækni, hafði fengið frá skjólstæðingi sínum. Myndirnar eru merktar.

Kristín Jónsdóttir gaf safninu nokkur plaköt Kvennalistsans og Rauðsokkahreyfingarinnar.

Unnur Birna Karlsdóttir sendi myndbandsupptöku sem hún tók sjálf af ávarpi Magdalenu Schram á Hótel Borg 12. Mars 1993 á 10 ára afmæli Kvennalistsans.

Hólfríður Karlsdóttir gaf safninu tvær prentaðar matreiðslubækur: *Kjöt og nýting þess*, Sláturfélag Suðurlands, Reykjavík, Gísli Kristjánsson annaðist ritstjórn og sá um útgáfu, 1966. *Lambakjöt*, Sigrún Davíðsdóttir þýddi, 1983.